

Alþingi
Erindi nr. P 127/25
komudagur 6.11.2001

Dagsetning
02.11.2001

Tilvísun
001/253/01

Samgöngunefnd Alþingis,
b.t. Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara,
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 107/1999, um fjarskipti

Vísað er til bréfs yðar, dags. 19. október 2001, þar sem óskað var umsagnar um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að gjaldstofn vegna jöfnunarsjóðs í alþjónustu verði ákveðinn í almennum fjarskiptalögum í stað sérlaga og hins vegar að skuldbindingar um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði leiddar í fjarskiptalöggjöfina.

Landssími Íslands hf. telur bæði atriði frumvarpsins nauðsynleg og eðlileg, en um leið ekki fela í sér grundvallar efnisbreytingar frá fyrri framkvæmd.

Hvað varðar gjaldstofn fyrir alþjónustu, sbr. 1. gr. frumvarpsins, lítur fyrirtækið svo á, að hér sé um lagatæknilegt atriði að ræða, sem ekki kalli á frekari athugasemdir.

Varðandi aðgang að heimtaug og tengdri aðstöðu, sbr. 2. gr. frumvarpsins, telur Landssíminn ákvæðið vera nauðsynlegt til að hrinda EB reglugerð nr. 2887/2000, um opinn aðgang að heimtaugum, í íslenskan rétt. Ekki eru efni til að gera athugasemdir við aðferð innleiðingarinnar. Rétt er að taka fram, að Landssíminn telur frumvarpið ekki kalla á umtalsverðar breytingar frá þeirri framkvæmd sem ríkt hefur allt frá því að verklagsferill um heimtaugarleigu var samþykktur þann 2. janúar 2001 og sátt hefur ríkt um.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.



Páll Ásgrímsson, hdl.

Afrit: Samgönguráðuneyti

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is